

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Snjallsteinshöfði 1a, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 11. febrúar 2021 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Snjallsteinshöfða 1a frá 2018 þar sem er skilgreindur byggingarreitur merktur B6. Á umræddum reit var gert ráð fyrir 250 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi. Stofnuð verði u.þ.b. 1 ha lóð undir viðkomandi byggingarreit með heimild til byggingar sumarhúss í stað íbúðarhúss. Einnig er gert ráð fyrir að breyta aðkomu að væntanlegum bústað. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Borgir úr landi Sólvalla, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir Borgir. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóð til byggingar íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss. Aðkoman er frá Sólvallavegi (266). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kaldakinn, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Köldukinn sem staðfest var með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 1089/2018. Skipulagssvæði Sólstaðar/Klettholts er felld úr deiliskipulaginu fyrir Köldukinn og unnið nýtt deiliskipulag fyrir það svæði. Samhliða er gerð deiliskipulagsbreyting fyrir Köldukinn þannig að þar stendur aðeins eftir jörðin Kaldakinn, L165092. Á svæðinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum sem tengjast landbúnaði en mögulegt byggingarmagn fer eftir stærð lóða/jarða. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 12. febrúar 2021.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.